

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Breyting á deiliskipulagi Skógarbaðanna í landi Ytri-Varðgjár.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 2. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi Skógarbaðanna í landi Ytri-Varðgjár. Með deiliskipulagsbreytingunni stækkar skipulagssvæðið úr 2,6 ha í 5,3 ha þannig að það nær yfir fyrirhugaða stækkun baðlaugar og hótél sunnan við Skógarböðin. Á hótellóðinni verði heimilt að reisa allt að 5 hæða hótél með allt að 120 herbergjum, auk bílgeymslu og þjónusturýmis.

Deiliskipulagið tekur til framkvæmda sem tilgreindar eru í 12.04 viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og fylgir deiliskipulaginu umhverfisskýrsla.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40. til 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 2. maí 2024.

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 31. maí 2024